

Foreldraráð Núps 2014-2015

4. fundur 15.04.15

Mættar: Svana Kristinsdóttir, Rebekka Gylfadóttir, Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Hildur Jónsdóttir og Ingunn Högnadóttir.

Fjarverandi: Aníta Ólafsdóttir, Hólmsfríður Óskarsdóttir.

Dagskrá: ýmis málefni leikskólans

Á síðasta fundi foreldraráðs var ákveðið að hafa samband við Kópavogsbæ til að fá tölulegar upplýsingar um endurómsmælingar. Þar að auki var ákveðið að fá hávaðamælingu í leikskólanum þegar starfsemi er í gangi, helst milli 10-11 á morgnanna þegar starfsmönnum finnst kliðurinn sem mestur. Endurómsmælingar fengust frá Kópavogsbæ og voru bornar undir starfsmann hjá Vinnueftirliti, sem sagði þær innan eðlilegra marka. Þá kom starfsmaður frá Vinnueftirlitinu 2. mars og hávaðamældi allan daginn. Í ljós kom að hávaði var innan efri viðmiðunarmarka (viðmiðunarmörk miðast við fullorðna). Ákveðið var að taka smá upplýsingar úr hávaðamælingunni, ráðleggingar um hávaða í umhverfi barna og áhrif hávaða á börn og starfsfólk saman í eina skýrslu og senda til Kópavogsbæjar.

Svana leikskólastjóri segir frá því að leyfi hafi fengist fyrir nýjum gardinum í glugga í sameiginlegu rými og inni á deildum en í mörgum tilfellum eru engar gardínur til staðar, eða mjög lélegar og hefur það afar slæm áhrif á hljóðvist.

Þá voru mönnunarmál rædd. Tíð veikindi starfsmanna og mannekla eru enn töluvert vandamál. Einnig rætt um miklar mannabreytingar sem eru framundan en tveir deildarstjórar láta af störfum í sumar og nokkrir fastir starfsmenn hætta eða fara í leyfi.

Að lokum voru matar- og mötuneytismál rædd. Starfsfólk er almennt ánægt með matinn en þó eru uppi vangaveltur um hvort eldhúsið fái nægilegt fjármagn til að mæta verðhækkunum á matvöru. Einnig sú staðreynd að í útreikningum á fjármagni til mötuneytis leikskóla er aðeins miðað við fjölda barna en ekki fullorðna; þó svo gert sé ráð fyrir að kennarar og leiðbeinendur borði með börnunum. Þá er ekkert tillit tekið til barna með ofnæmi eða sérþarfir í matarmálum en matur þeirra getur verið mjög dýr. Foreldraráði finnst mikilvægt skoða þessa þætti betur.

Fundi lauk kl. 17:05

Ingunn Högnadóttir ritaði fundargerð fyrir hönd foreldraráðs.